

Innhelling Gepans í Þvagblöðru

Gepan inniheldur efni sem myndar verndandi lag í þvagblöðrunni og getur endurnýjað skemmdir í þekjuvef hennar. Efnið er notað við millivefjablöðrubólgu, endurteknum þvagfærasýkingum, ofvirkri þvagblöðru og krónískri bólgu í þvagblöðru eftir geislameðferð.

Undirbúningur fyrir meðferð

Fyrir meðferð þarf sjúklingur að leysa út Gepan í apóteki Landspítala og hafa það með sér á göngudeild þvagfæra 11A. Hjúkrunarfræðingur gefur efnið á göngudeild þvagfæra 11A á Hringbraut. Fyrstu fjögur skiptin er efnið gefið vikulega, svo mánaðarlega í tvö skipti. Stundum er meðferð haldið áfram lengur. Hægt er að fá kennslu á 11A í að gefa sér lyfið sjálfur.

Meðferð

Meðferðin fer fram á göngudeild þvagfæra 11A á Hringbraut.

- Þvagrásarop er þvegið, þvaglegg komið fyrir í þvagblöðrunni og þvagblaðran tæmd.
- Efninu sem er í vökvaformi er sprautað inn í þvagblöðruna gegnum þvaglegginn og þvagleggurinn síðan fjarlægður.
- Efnið er haft í þvagblöðrunni í að minnsta kosti 30 mínútur (má vera lengur) til að það virki sem best. Því er mikilvægt að halda í sér þann tíma.

Aukaverkanir

Engar þekktar aukaverkanir eru af gjöf Gepans.

Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar um efnið er að finna í fylgiseðli þess og á vefsíðunni gepan-instill.co.uk

Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 08:00-16:00, sími 543 7100. Utan dagvinnutíma er leitað bráðamóttöku ef upp koma vandamál.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.